

**LÖG****um breyting á lögum nr. 32/1978, um hlutafélög,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 4. mgr. 47. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 69/1989, komi nýr málsliður er orðist svo: Í félögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri geta hluthafar, er ráða yfir minnst  $\frac{1}{10}$  hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Sigurðsson.*